

# Velferð og jöfnuður

Velferðarstefna jafnaðarmanna byggir á því að jafna líf skjör og tækifæri fólks og er sprottin úr og samofin baráttu verkalyðs- og alþýðuhreyfinga á vesturlöndum. Samfylkingin leggur, eins og aðrir norrænir jafnaðarmannaflokkar, áherslu á grunngildi þeirrar velferðarstefnu sem eru að veita viðunandi framfærsluþryggingu óháð aldri, starfsgetu, fjölskylduáðstæðum, búsetu og/eða vegna atvinnumissis.

Góð velferðarþjónusta fyrir alla er grunnurinn að réttlátu samfélagi sem skapar öryggi og efnahagslegan stöðugleika. Með því að tryggja öllum aðgang að heilsugæslu, menntun og mikilvægri félagsþjónustu, óháð efnahag, dregur úr áhrifum stéttaskiptingar og fleiri hafa tækifæri til fullrar þátttöku í samfélaginu.

Í stefnu Samfylkingarinnar í velferðarmálum felst grundvallaratriðið um samstöðu og samábyrgð fólks. Hún veitir réttindi en gerir einnig kröfur til fólks. Hún tekur til allra á jafnréttisgrundvelli, og skiptir fólki ekki í „viðtakendur“ og „greiðendur“ með tilheyrandi stéttaskiptingu. Hún leitast við að beita almennum frekar en sértækum aðgerðum, forðast forsjárhyggju og stendur vörð um mannlega reisn.

Velferðarkerfið byggir á réttlátri skattheimtu og mikilvægt er að allir þjóðfélagsþegnar geri sér grein fyrir að skattgreiðslan skapi almennan rétt í velferðarkerfinu.

## Velferðarmál

- Samfylkingin virðir fjölbreytileika mannlífsins og berst fyrir mannréttindum allra. Við viljum að fólk hafi jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu og fái aðstoð í samræmi við þarfir sínar. Til að ná þessu fram er nauðsynlegt að mismunandi þjónustupættir skóla, félags- og heilbrigðisþjónustu myndi samfellda heild þar sem ólíkir þættir vinna saman. Þess vegna er mikilvægt að öll grunnþjónusta sé á sömu hendi og því skal stefnt að því að flytja þjónustu við aldraða og heilsugæslu til sveitarfélaga.
- Þeir sem njóta þjónustu vegna fötlunar, aldurs eða sjúkdóma og fjölskyldur þeirra, eiga rétt á að taka þátt í að móta þá þjónustu sem þeim stendur til boða. Virðing fyrir skoðunum, löngunum og vilja fólks á að gilda fyrir alla, í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun.
- Hraða ber endurskoðun almannatrygginga til einföldunar og gegnsæis. Endurskoða þarf örorkumat og líta jafnt til möguleika og getu fólks en ekki eingöngu til sjúkdómsgreininga og færniskerðingar. Skoða þarf kosti þess og galla að ein greiðslustofnun þjónusti þá sem hafa tekjur

frá lífeyrissjóðum, almannatryggingum og atvinnuleysistryggingum svo bæti megi þjónustuna og tryggja rétt fólks.

- Ungt fólk sem hvorki finnur sig í námi né á vinnumarkaði á rétt á aðstoð til að koma sér út úr vítahring óvirkni og vonleysis, sbr. ályktun nefndar um jöfnuð og samfélag. Sama gildir um aðra sem vegna fátæktar og/eða félagslegrar einangrunar tilheyra jaðarhópum samfélagsins; þeir þurfa val, hvatningu og stuðning til virkrar þátttöku á jafnréttisgrundvelli við aðra.
- Samfylkingin vill treysta sérstaklega kjör fólks með lágur tekjur og meðaltekjur, óháð því hvaðan tekjur þess koma. Uppræta þarf fátæktargildir og treysta stöðu barnafjölskyldna, m.a. með endurskoðun á barnatengdum greiðslum þar sem dregið er úr tekjutengingu.

## Heilbrigðismál

- Grunnstoð heilbrigðisþjónustunnar er heilsugæslan þar sem litið er heildstætt á líf einstaklingsins og virðing er borin fyrir þörfum hans og aðstæðum. Leggja ber áherslu á forvarnir og fyrirbyggjandi starf á öllum aldursskeiðum.
- Tvinna þarf saman heilsugæslu, sértæka heilbrigðis- og aðra velferðarþjónustu með endurhæfingu að leiðarljósi.
- Jafna skal greiðsluþátttöku fólks og innleiða hámark á kostnaðarþátttöku heimila vegna heilbrigðisþjónustu, tannlækninga, lyfja og hjálpartækja. Stefnt skal að gjaldfrjálsum tannlækningum barna.
- Þjónusta við fólk með langvinna sjúkdóma eins og geðræna sjúkdóma á að stórum hluta að færast til nærsamfélagsins og byggjast á samfélagslegri heildstæðri nálgun með samstarfi sjúkrastofnana, heilsugæslu og félagsþjónustu og vera þannig annar valkostur en sjúkrahúsvist.
- Uppbygging heilbrigðisþjónustunnar í landinu byggist á þjónustu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík og Akureyri og neti umdæmissjúkrahúsa í landsfjórðungum. Gæta þarf þess að þar sem samgöngur eru erfiðar og fjarlægðir miklar sé boðið upp á nauðsynlega grunnþjónustu á minni heilbrigðisstofnunum.
- Samfylkingin hafnar einkavæðingu í velferðarkerfinu. Þar sem einkarekstur er til staðar þarf að tryggja jafnt aðgengi allra að þjónustu sem ekki má vera lakari né dýrari en hin opinbera.

- Til að tryggja gæði allrar velferðarþjónustu þarf að viðhafa eftirlit með framkvæmd þjónustunnar.

## Málefni barna og fjölskyldna

- Mikilvægasta verkefni velferðarþjónustunnar er að vernda hag og stöðu barna og fjölskyldna þeirra. Tryggja þarf jafnan rétt og aðgengi að lífsgæðum sem í boði eru í samfélaginu, t.a.m. að gera börnum kleift að fá menntun við hæfi og stunda frístundir án tillits til efnahags. Tryggja þarf skólamáltíðir á viðráðanlegu verði og stefnt að því að þær verði gjaldfrjálsar.
- Samfylkingin leggur áherslu á aukna þátttöku barna í ákvörðunum, sem þau varða, í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Einnig að í samræmi við sáttmálann sé tryggt að börn sem fá dóm, afpláni á stofnunum fyrir börn, en ekki í fangelsum með fullorðnum.
- Tryggja þarf samhæfingu og bætt samstarf stofnana á mennta-, félags- og heilbrigðisviði, til að mögulegt verði að bjóða börnum og fjölskyldum þeirra heildstæða þjónustu óháð búsetu og á þeirra vettvangi.
- Takast þarf á við neyslu ávana- og fíkniefna með áherslu á forvarnir, meðferð og endurhæfingu.
- Stefnt skal að lengingu fæðingarorlofs í þrepum þannig að það verði eitt ár fyrir hvert barn.
- Forgangsraða skal í þágu barna þegar hagrætt er í opinberum rekstri.

## Húsnæðismál

- Samfylkingin leggur áherslu á að allir hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði. Auka þarf jafnræði milli ólíkra búsetuforma og fjölga valkostum á húsnæðismarkaði í samræmi við þarfir hverju sinni. Á næstu árum þarf að byggja upp öruggan langtíma leigumarkað og fjölga búseturéttaríbúðum.
- Húsnæðisstuðningur opinberra aðila á ekki að mismuna fólki eftir því hvort það leigir eða á húsnæði. Taka skal upp húsnæðisbætur sem taka mið af greiðslugetu fólks og aðstæðum.
- Fólk sem þarfnast stuðnings vegna húsnæðis s.s. vegna fötlunar, aldurs og/eða félagslegra erfiðleika á að geta valið sér búsetu við hæfi. Það er gert með góðu aðgengi að öllu almennu íbúðahúsnæði.

## Vinumarkaðsaðgerðir

- Samfylkingin leggur á það höfuðáherslu að útrýma atvinnuleysi í landinu með virkri atvinnustefnu og efnahagsaðgerðum, sbr. atvinnu- og efnahagsstefnu Samfylkingarinnar. Á sama tíma skal öllum ráðum beitt til að draga úr skaðlegum áhrifum langtímaatvinnuleysis.
- Leita skal allra leiða til að nýta krafta og viðhalda virkni atvinnulausra einstaklinga. Skal tryggt að ekki líði meira einn mánuður frá atvinnumissi þar til tilboð um starf, menntun eða virkniúrræði standi atvinnuleitendum til boða.
- Mikilvægt er að þróa áfram samspil vinnumarkaðsúrræða og stoðkerfis atvinnulífsins til nýsköpunar með verkefnum á borð við Starfsorku þar sem nýsköpunarfyrirtæki geta nýtt starfskrafta atvinnulausra til verðmætaskapandi verkefna. Efla þarf enn frekar verkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á borð við FabLab, skapandi smiðjur fyrir ungt fólk.
- Huga skal sérstaklega að ungu fólki sem misst hefur atvinnu, enda hætta á að langtímaatvinnuleysi hindri það í virkri vinnumarkaðs- og samfélagsþátttöku til frambúðar.

# Jafnrétti án landamæra – nýjar leikreglur lýðræðisins

## Kvenfrelsi og kynjajafnrétti

Kvenfrelsi og kynjajafnrétti er ein af meginstoðum jafnaðarstefnunnar. Kynin skulu ekki aðeins hafa jafnan rétt að lögum heldur einnig jöfn tækifæri og jafna stöðu. Samfylkingin lýsir yfir skýrum pólitískum vilja til að halda áfram að vinna að fullu jafnrétti karla og kvenna og vill:

- Virða fyrirmæli jafnréttis laga um samþættingu kynjasjónarmiða og hafa ólíka stöðu kynja ávallt í huga, t.d. við aðhaldsaðgerðir og atvinnusköpun.
- Að þingmenn, ráðherrar og starfsmenn ráðuneyta fái fræðslu um kynjaða hagstjórn og vinni í samræmi við hana.
- Draga skerðingar á fæðingarorlofi frá hruni til baka, lengja orlofið í 12 mánuði og tryggja tekjustofn. Verkefnið verði sett í farveg af þverpólitískri nefnd sem setur tímasett markmið.
- Vinna gegn kynbundnu ofbeldi og auka fjárframlög við aðila sem styðja þolendur þess.
- Að stjórnvöld setji langtímamarkmið um breytingu á kynjaskiptingu vinnumarkaðar. Áfram verði unnið gegn kynbundnum launamun.
- Vinna gegn staðalmyndum og kynskiptu starfsvali með kynjafræðikennslu á öllum skólastigum og leggja til hliðar námsbækur með kynjahalla.
- Grípa til ráðstafana vegna makaofbeldis gegn íbúum af erlendum uppruna og að skilnaður leiði ekki til missis dvalarleyfis.
- Að í ráðuneytum og stofnunum ríkis og sveitarfélaga starfi jafnréttisfulltrúar sem hafa þekkingu, skilgreindan tíma og launahlutfall til að vinna að jafnréttismálum.
- Staðsetja jafnréttisstofnanir sem næst íslenskum valdamiðstöðvum.

Áður en lögleiðing staðgöngumæðrunar kemur til álita, þvert á niðurstöðu ráðherraskipaðra sérfræðinga og löggjöf annarra Norðurlanda, þarf að fara fram ítarleg umræða um allar hliðar málsins.

- Að kynjahlutföll meðal fulltrúa Samfylkingarinnar á þingi, í bæjarstjórnnum, í ráðherraliði eða í stjórnnum og ráðum séu jöfn og að hvort kyn gegni hið minnsta 40% ábyrgðarstarfa.

## Mannréttindi

Allar manneskjur eiga að búa við jafnrétti og frelsi og jöfn tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi. Ólíkur bakgrunnur fólks og fjölbreytni í mannlífinu gerir samfélagið auðugra og skemmtilegra. Það fólk sem leggur á sig að verða Íslendingar á mikla virðingu skilda. Samfylkingin leggur áherslu á að Ísland taki frumkvæði í mannréttindamálum en sé ekki farþegi í samfélagi þjóða og vill því:

- Veita fleiri hælisleitendum stöðu flóttamanna, endurskoða sönnunarkröfur og hætta að beita heimildum Dyflinnar-reglugerðarinnar til að senda alla strax í burtu. Auka málshraða í málum hælisleitenda, kynna þeim rétt sinn við komu til landsins og gera kleift að leita hans fyrir dómi.
- Skilgreina viðkvæma hópa hælisleitenda og taka á móti af þekkingu á þörfum.
- Athuga möguleika á að veita hælisleitendum tímabundið dvalarleyfi meðan beðið er niðurstöðu, vegna aðgangs að grunnþjónustu og þátttöku, og skilgreina þjónustu við hælisleitendur sem fá stöðu flóttamanna.
- Auka aðgengi innflytjenda að upplýsingum og veita málsvara á ný eftir að rekstur Alþjóðahúss var lagður af.
- Viðurkenna menntun innflytjenda. Gefa fullorðnum kost á íslenskunámi að kostnaðarlausu og börnum stuðning við íslensku- og móðurmálskennslu. Auka aðstoð við innflytjendur á unglingsaldri.
- Sjá til þess að öll sveitarfélög sinni þjónustu við innflytjendur.
- Veita markvissa fræðslu gegn kynþáttafordómum í skólakerfinu.
- Muna að þjónusta við fatlaða er mannréttindamál, ekki félagslegt úrræði. Vinna að viðhorfsbreytingu og rétti fatlaðra til einkalífs og sjálfsákvörðunarrettar.

- Að Ísland verði áfram í fararbroddi í réttindabaráttu hinsegin fólks. Tryggja rétt transfólks með lögum og gera samninga við ríki sem leyfa ættleiðingar samkynhneigðra. Ríkisstjórn Íslands og þingmenn séu öflug rödd til stuðnings hinsegin fólki í löndum þar sem mannréttindi þess eru ekki virt.
- Leysa úr ófremdarástandi í fangelsismálum. Of löng bið eftir fangelsisvist gengur gegn stefnu um mannrækt og ný tækifæri. Veita aðbúnaði kvenfanga sérstaka athygli.

## Trú og lífskoðanir

Ísland er fjölmenningsleg land þar sem allir eru jafnir og virðingu á að bera fyrir fjölbreyttum trúarbrögðum, lífsskoðunum og lífsgildum fólksins. Í þeim eru verðmæti sem samfélaginu ber að standa vörð um. Trúfrelsi og réttur til að iðka trú og fylgja lífsskoðun sinni er mikilvægur hluti þeirra mannréttinda sem tryggð eru á Íslandi.

- Samfylkingin viðurkennir og styður þróun í átt til meiri fjölbreytileika, vill styðja við ólíka menningu og lítur á ríkisvald sem veraldlegs eðlis. Samfylkingin mun vinna að jafnræði lífsskoðana hvort sem þær eru af trúarlegum eða veraldlegum toga. Námskrár grunn- og leikskóla árétti mikilvægi trúarbragðafræðslu og bjóði fulltrúum trúarbragða og lífsskoðana velkomna til að kynna trú sína og viðhorf á forsendum skólanna.
- Löggiöf á ekki að hygla einum trúarbrögðum umfram önnur. Eðlilegt er að gengist verði fyrir grundvallarumræðu um samband ríkis og kirkju.

## Breytingar á stjórnarskrá

Samfylkingin leggur mikla áherslu á að sigla í höfn því verkefni sem nú stendur yfir: Að setja Íslandi nýja stjórnarskrá með opnu og lýðræðislegu ferli. Framlagi Stjórnlagaráðs á að fagna og halda vinnunni áfram. Samfylkingin, sem forystuaðili í ríkisstjórn, ber ábyrgð á að verkefninu ljúki í breiðri samvinnu, enda á stjórnarskrárgerð að vera hafin yfir flokkapólitík og dægurmál. Samfylkingin vill:

- Kosningar um nýja stjórnarskrá eigi síðar en samhliða þingkosningum 2013.
- Tryggja áframhaldandi virka aðkomu kjósenda. Opin kynning og umræður skipta lykilmáli.
- Virðingu fyrir málsmeðferðarreglum núverandi stjórnarskrár, en samkvæmt þeim ber Alþingi ábyrgð á endanlegu frumvarpi. Samfylkingin leggur hins vegar þunga áherslu á að Stjórnlagaráð sem fulltrúi þjóðarinnar, verði álitsgjafi í lykilhlutverki.

- Að á fjárlögum verði gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til rannsóknastyrkja og kynningarmála vegna stjórnarskrárvinnu. Rannsóknir og fræði auka gæði nýrrar stjórnarskrár. Víðtæk kynning ætti m.a. að vera í höndum RÚV og fé til hennar eyrnamerkt.
- Að ný stjórnarskrá íslenska lýðveldisins tryggi almannarétt á auðlindum og sjálfbæra nýtingu; aðgreiningu ríkisvalds og þá ekki síst löggjafans og framkvæmdavaldsins; raunverulegt þingræði; jafnt vægi atkvæða; kvenfrelsi og fyllstu mannréttindi þ.m.t. efnahagsleg, félagsleg og menningarleg; skýr ákvæði um framsal valds vegna alþjóðasamninga auk ákvæða um þjóðaratkvæðagreiðslur.
- Vinna samkvæmt hugmyndafræði Stjórnlagaráðs um tímatakörk á valdasetu ráðherra og setja reglur um hámarkstíma kjörinna fulltrúa flokksins.



# Öflugt atvinnulíf er undirstaða velferðar

Velferð og jafn réttur allra til þroska byggir á sterku atvinnulífi, frelsi til athafna og góðri samkeppnishæfni þjóðarinnar. Á sama hátt byggir sterkt atvinnulíf á góðri menntun, skilvirkri stjórnslu og almennri velferð. Þetta er kjarni jafnaðarstefnunnar og verður ekki í sundur slitið.

Sterkt, fjölbreytt atvinnulíf nýtir sér staðbundna styrkleika og sérstöðu, ýtir undir nýsköpun í öllum greinum og starfar í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun. Í því felst að umgengni atvinnulífs við náttúru og auðlindir miðar að varðveislu þeirra og endurheimt, að efnahagslega byggir atvinnulífið á traustum grunni til framtíðar og loks að atvinnulífið viðurkenni ábyrgð sína gagnvart samfélaginu og kröfur þess um jafnrétti, frelsi og grundvallar mannréttindi.

Nýsköpun og uppbygging þekkingar til að auka verðmætasköpun einskorðast hvorki við sprotafyrirtæki né nýjar atvinnugreinar. Rótgróin fyrirtæki og undirstöðu atvinnuvegir á borð við sjávarútveg, landbúnað, ferðaþjónustu og iðnað þurfa einnig stoðkerfi til nýsköpunar, mannauð og sóknarfæri byggð á sérstöðu til að eflast, auka hagkvæmni og verðmætasköpun. Mikilvægt er að hugvit og framtak nýtist í þágu þjóðarhags.

Atvinnustefnu Samfylkingarinnar er því skipt í fjögur svið eftir viðfangsefnum fremur en atvinnugreinum. Þau eru: sóknarfæri og sérstaða, vaxtarskilyrði, mannauður og stoðkerfi. Markmiðið er aukin framleiðni og verðmætasköpun á traustum og sjálfbærum grunni í samræmi við stefnumörkunina "Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag"<sup>1</sup>.

## Sóknarfæri og sérstaða

- Auðlindir Íslands og náttúrugæði eru samofin sjálfsmynd og ímynd þjóðarinnar. Auk þess eru þær grundvöllur stærstu útflutningsgreinanna, sjávarútvegs, ferðaþjónustu og iðnaðar. Auðlindirnar eru arfur genginna kynslóða og lán frá komandi kynslóðum. Nýting þeirra gerir því til okkar ríkar siðferðiskröfur um að beita bestu þekkingu við nýtingu þeirra og verndun.
- Auðlindir, sem ekki eru þegar í einkaeigu, eiga að vera þjóðareign og þjóðin að njóta arðs af þeim með skýrum og gegnsæjum hætti. Arðinn ber að nota til að fjármagna rannsóknir á auðlindum og umsýslu þeirra, til að styrkja innviði samfélagsins og til að búa í haginn fyrir framtíðina.

<sup>1</sup> <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/>

Stofnun Auðlindasjóðs er nauðsynlegt skref til að auðlindarentan<sup>2</sup> og ráðstöfun hennar í þágu þjóðarinnar sé öllum sýnileg.

- Til að mikilvægar auðlindagreinar á borð við sjávarútveginn og orkugeirann verði sjálfbærar til framtíðar þarf að uppfylla alla þætti sjálfbærrar þróunar, þ.e. nýta auðlindirnar á sjálfbæran hátt, búa við hagstæð rekstrarskilyrði til vaxtar og hagræðingar svo þær séu efnahagslega sjálfbærar og ná sátt við samfélagið, m.a. um ráðstöfun auðlindarentu vegna nýtingar auðlinda í þjóðareign og úthlutun nýtingarréttar. Brýnt er að ná jafnvægi milli þessara þátta um leið og þess er gætt sérstaklega að lausnir sem tryggja samfélagslega sjálfbærni gangi hvorki á umhverfisþáttinn né dragi úr efnahagslegri sjálfbærni eða spilli rekstrarforsendum.
- Úthlutun nýtingarréttar, innheimta auðlindarentu, umhverfiskröfur og eftirlit á að vera óháð þeim fyrirtækjum sem leigja nýtingarréttinn. Markmið um hagkvæmustu nýtingu, hámarks arð af auðlindum, rekstrarhæfi til langs tíma, nýliðun og atvinnufrelsi nást best með tímabundnum leigusamningum á forsendum jafnræðis og samkeppni, þar sem markaðsverð nýtingarréttar kemur fram og auðlindarentan er sýnileg. Þessi grundvallarsjónarmið eiga því að vera hornsteinn við útfærslu orkunýtingarstefnu og endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.
- Í sterkum atvinnugreinum, þar sem reynsla og þekking er þegar til staðar, búa mikil sóknarfæri. Matvælageirinn með sjávarútveg og landbúnað sem bakhjarla, orkugeirinn og tengdur iðnaður, líf- og heilsutækni, skapandi greinar, ferðaþjónusta og þróun tæknilausna og hugverka fyrir allar þessar greinar eru grundvöllur enn frekari sóknar.
- Virk stefna á sviði grænnar atvinnustarfsemi, hrein ímynd landsins og umhverfisvæn orka eru aðdráttarafl fyrir græna erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu. Brýnt er að nýta þessi tækifæri með markvissum hætti til að draga úr sóun, auka framleiðni og ýta undir fjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi.

## Vaxtarskilyrði

- Stöðugleiki í efnahags- og gengismálum, aðgengi að fjármagni, umhverfi sem hvetur til fjárfestinga, öflugt stuðningsumhverfi nýsköpunar, skýrt og stöðugt laga- og skattaumhverfi og aðgengi að erlendum mörkuðum er grundvöllur öflugs atvinnulífs. Mikilvægt er að svigrúm til skattalækkana verði sem fyrst nýtt til að draga úr álögum sem tengjast vexti fyrirtækja frekar en hagnaði þeirra og álögum sem draga úr hvata til innlendrar eða erlendar eignfjármögnunar fyrirtækja.

---

<sup>2</sup> Sjá skýringu á hugtakinu aftast í þessum kafla.

- Atvinnulífið þarf stöðugan gjaldmiðil. Samningi um aðild að Evrópu-sambandinu á að fylgja áætlun um hvernig tryggja megi stöðugleika íslensku krónunnar þar til hægt er að taka upp evru í þágu atvinnulífs og neytenda.
- Jafnvægi í ríkisfjármálum, stöðugleiki í hagstjórn og traust fjármálakerfi sem lýtur öfluggu eftirliti eru forsendur hagstæðrar fjármögnunar íslensks atvinnulífs.
- Mikilvægt er að ýta undir fjárfestingar sem stuðla að nýrri þekkingu og tækni, auka fjölbreytni atvinnulífs, styðja við sjálfbæra þróun eða efla viðskiptasambönd.
- Stjórnslásla og eftirlit á að vera skilvirkt og byggja á gæðastefnu um afgreiðslufresti og fagleg vinnubrögð. Fylgjast þarf sérstaklega með áhrifum þess á heilbrigða starfsemi að bankar fara með ráðandi eignarhlut í fjölmörgum fyrirtækjum sem óljóst er hvað á að verða um.

## Mannauður

- Virk jafnréttisstefna og löggjöf um jafna stöðu kynja er nauðsynleg til að tryggja að atvinnulífið fari ekki á mis við reynslu, hæfileika og þekkingu beggja kynja. Þann auð á allan að virkja
- Íslenskt atvinnulíf þarf að hafa aðgang að menntuðu og sérhæfðu starfsfólki, bæði innlendu og erlendu. Eitt af markmiðum laga um réttindi og stöðu útlendinga á Íslandi á að vera að laða hingað nýja þekkingu og reynslu og gera íslensk fyrirtæki samkeppnishæf um mannauð í alþjóðlegu samhengi.
- Hugvit einstaklinga þarf að nýta til eflingar atvinnu og verðmæta-sköpunar. Nýta þarf tækifæri á nýjum sviðum tækniþróunar til að auka arðsemi innlendrar framleiðslu og komast í fremstu röð.
- Efla þarf rannsóknir á háskólastigi og samstarf við erlenda háskóla. Auk rannsókna tengdum atvinnulífi eru grunnrannsóknir mikilvæg uppspretta hagnýtrar þekkingar, nýjunga og einkaleyfa.
- Vaxtargreinar síðustu ára kalla á aukna áherslu á iðn- og tæknimenntun auk þess sem margvíslegt list- og hönnunarnám er undirstaða mikilvægra og vaxandi atvinnugreina, sbr. menningarstefnu Samfylkingarinnar.
- Sveigjanleika á vinnumarkaði og nýsköpun starfa þarf að tryggja með framboði endurmenntunar og starfsþjálfunar til nýrra verkefna. Nýta þarf krafta atvinnulausra til nýsköpunar og atvinnueflingar.

## Stoðkerfi, nýsköpun og miðlun þekkingar

- Samhæfa þarf og einfalda allt stoðkerfi atvinnulífsins undir einu öflugu atvinnuvegaráðuneyti með skilvirkni og virka lýðræðislega stjórnun þess að leiðarljósi.
- Sameina þarf krafta þeirra sem vinna að atvinnubrúun og nýsköpun í öllum landssvæðum, sbr. Ísland 20/20. Vaxtarsamningar þar sem forgangsroðun og mat verkefna er færð til svæðanna sjálfra er sú leið sem leggja ber áherslu á.
- Samþætta þarf landbúnaðarkerfið betur við annað stoðkerfi atvinnulífsins enda tengist landbúnaðurinn vaxandi greinum á borð við ferðaþjónustu og matvælageirann sterkum böndum. Leggja ber áherslu á stuðning í gegnum grænar nýsköpunargreiðslur. Aukið athafnafrelsi, bætt afkoma búrekstrar og áhersla á sköpun nýrra og fjölbreyttra atvinnutækifæra um land allt er undirstaða dreifðra byggða.
- Beina á opinberum nýsköpunarstyrkjum í farveg samkeppnissjóða þar sem fram fer faglegt mat hugmynda og meðferð umsókna, auk þess að koma upp lánatryggingakerfi fyrir frumkvöðla.
- Kynna þarf og auka stuðning við rannsóknir og þróun í fyrirtækjum. Stuðla þarf að aukinni þátttöku fyrirtækja og stofnana í erlendum samstarfsverkefnum, einkum evrópskum.
- Til að mæta þörfum sprotafyrirtækja og mæla árangur atvinnustefnu þarf að bæta alla skráningu upplýsinga og hagtalna úr atvinnulífinu og gera þær aðgengilegar með opnum hætti á netinu.

### **Skýring á hugtakinu *auðlindarenta***

Við nýtingu takmarkaðra auðlinda, hvort sem þær eru endurnýjanlegar eða ekki, fellur til arður umfram það sem gengur og gerist í efnahagslífinu hjá fyrirtækjum sem ekki byggja framleiðslu sína á náttúruauðlindum. Þessi arður hefur verið kallaður auðlindarenta. Í hagfræði má skilgreina auðlindarentu sem mismun á verði og jaðarkostnaði við að nýta viðkomandi auðlind. Þeim mun takmarkaðri sem viðkomandi auðlind er þeim mun hærra verð og þar með hærri auðlindarenta. Auðlindaleiga á að endurspegla mat á arðsemi þess að hafa aðgang að tilteknum takmörkuðum auðlindum. Auðlindaleiga getur verið umsamin eða ákveðin með uppboði eða á markaði. Líta má á gjaldtöku fyrir afnot af andrúmsloftinu, til að mynda kolefnaskatt sem nokkur ríki hafa komið á, sem ákveðið form auðlindaleigu. Svo lengi sem talið er að andrúmsloftið geti tekið á móti ótakmarkaðri mengun er ekki tilefni til gjaldtöku. En ef til þess kemur að móttökugeta andrúmsloftsins telst takmörkuð þá kann auðlindaleiga að vera heppileg leið til að stuðla að því að hin takmarkaða auðlind sé nýtt á hagkvæman hátt. Það sama má segja um losun mengandi efna í hafið. Í þessum skilningi má líta á umhverfisgjöld sem auðlindaleigu.

Sjá nánar á vefslóðinni: <http://www.forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/Audlindaskýrsla/nr/854>

# Efnahagsleg sókn

Baráttan við atvinnuleysið er megin viðfangsefni efnahagsmálanna. Snúa þarf vörn í sókn og láta ferska vinda blása um samfélagið, taka upp nútímaleg vinnubrögð á sem flestum sviðum, virkja lýðræðið, menntun þjóðarinnar og tryggja þátttöku beggja kynja í framsækinni sókn til betri tíma og meiri hagvaxtar. Þáttur stjórnmalanna er þýðingarmikill í þeirri gagnsókn, að hvetja til dáða og hafa frumkvæði að nýjum vinnubrögðum og blása í þjóðina baráttuvilja og bjartsýni. Mikilvægt er að skapa og efla tiltrú bæði heimila og atvinnulífs á getu efnahagslífsins, því verðmætasköpun í atvinnulífinu er undirstaða sóknar í efnahagslífinu og bættra lífskjara. Nú er tvennt mikilvægast:

- Að beita öflugri hagstjórn til að efla tiltrúna á efnahagslífið, því fjárfesting er í sögulegu lágmarki og mikið skortir á gagnkvæmt traust og þor til fjárfestinga í samfélaginu.
- Að framtíðarsýnin sé skýr í grundvallaratriðum á borð við peningastefnu, framtíðargjaldmiðil, ríkisfjármálum og umgjörð efnahagslífsins. Aðild að ESB, upptaka evru og ný efnahagsáætlun sem kveður m.a. á um jafnvægi í ríkisfjármálum er því lykilatriði.

Saman þurfa að fara samfélagsleg ábyrgð og samkeppnishæf rekstrarskilyrði atvinnulífs þar sem lögð er áhersla á athafnafrelsi með almennum og sanngjörnum leikreglum. Efnahagsleg sókn verður að miðast við græn grunnildi sem fela í sér sjálfbæra nýtingu auðlinda til lands og sjávar og traustan grunn fyrir stöðugleika og varanlegar lausnir. Samfylkingin telur:

## Efnahagsmál

- Að mikilvægasta verkefni landsstjórnar sé að vinna bug á atvinnuleysi með markvissum og öflugum aðgerðum, s.s. orkunýtingu í anda verndar- og nýtingaráætlunar, hagfelldu rekstrarumhverfi fyrir venjuleg fyrirtæki og hvatningu til fjárfestinga og nýsköpunar í samstarfi við atvinnulíf og menntastofnanir.
- Að verðstöðugleiki og sjálfbær útflutningsdrifinn hagvöxtur verði eitt höfuðmarkmið efnahagsstefnu næstu ára og kapp lagt á að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins með virkri mennta- og vinnumarkaðs- stefnu.
- Að efla verði tiltrú heimila og atvinnulífs á getu efnahagslífsins, bæta skipulag hagstjórnar með stofnun Þjóðhagsstofnunar og auka samvinnu við aðila vinnumarkaðsins.

- Að einkaframkvæmdir – í nánu samstarfi ríkissjóðs og einkaaðila undir skýrum samningsskilyrðum – verði aðgerð til að örva hagvöxt án þess að markmiðum um afkomu ríkissjóðs sé ógnað. Slíkar efnahagsaðgerðir eru góður kostur á tímum slaka í atvinnu- og efnahagslífi.
- Að stefna beri að upptöku evru í kjölfar aðildar að Evrópusambandinu og auðvelda þjóðinni þannig að tryggja stöðugt verðlag og vaxtakjör sem eru sambærileg því sem tíðkast í nálægum ríkjum. Að reka virka peningastefnu með tiltækum stýritækjum sem eflir verðmætasköpun, almenna velferð og heldur verðbólgu lágri.

## Opinber fjármál og skattar

- Að fjármálastjórn hins opinbera sé öflug, markviss og vinni gegn óeðlilegum sveiflum í þjóðarbúskapnum og nái einnig til starfsemi opinberra fyrirtækja og sjóða þannig að fjármálastjórnin sé samstillt efnahags- og peningastefnu hagkerfisins.
- Að styrkja beri skipulag og vinnulag við gerð og eftirfylgni fjárlaga og fjárhagsáætlana sveitarfélaga sem skapi nauðsynlegan aga í fjármálastjórninni. Að gerðar séu ábyrgar áætlanir til langs tíma sem efla trúverðugleika og traust, jafnt innanlands sem utan, og er samhljóma áætlun í efnahags- og peningamálum. Að bæði undirbúningur fjárlaga og afgreiðsla verði fyrir á ferðinni en nú er.
- Að skattastefnan stuðli að kjarajöfnun og sanngjarnri dreifingu byrða um leið og hún varðveitir hvatann til öflunar atvinnutekna og dragi úr jaðarskattaáhrifum tekjutengdra bóta.
- Að endurskoða þurfi núverandi skattkerfi með eflingu hagvaxtar og fjárfestingar að leiðarljósi með hliðsjón af ráðleggingum alþjóðastofnana. Minnkaður verði hvatinn til svartrar atvinnustarfsemi með skynsamlegri útfærslu virðisaukaskatts með færri undanþágum og þrepum. Forgangsverkefni verði lækkun tryggingagjalds en á móti komi umhverfisgjöld og innheimta auðlindarentu.
- Að vanda beri forgangsöröðun opinberra útgjalda þar sem framlög til velferðar- og menntamála verði sett í öndvegi. Ákveða hvar reisa á varnargarða fyrir velferð í opinberum útgjöldum. Varast að draga um of úr útgjöldum til verkefna sem efla hagvöxt til framtíðar. Markvisst og faglega verði unnið að skipulagsbreytingum til hagræðingar í öllum opinberum rekstri.
- Að endurskoða beri landbúnaðarkerfið og samþætta stoðkerfi atvinnulífsins þannig að bændum verði gert kleift að lifa af búrekstri

sínum og landbúnaður fái að blómstra án óþarfa afskipta ríkisvaldsins, sbr. atvinnustefnu Samfylkingarinnar.

- Að launastefna hins opinbera sé skýr og byggð á faglegum forsendum að norrænni fyrirmynd og umbuni fyrir dugnað, menntun og ábyrgð
- Að samfélagsþjónusta sé í blönduðum rekstri opinberra og einkaaðila, þar sem það á við, og að slíkt rekstrarumhverfi skapi tækifæri til frekari verðmætasköpunar. Að skýr rammi verði settur um einkarekstur innan mennta- og heilbrigðiskerfis.

## **Fjármála- og atvinnulíf**

- Auka hagkvæmni í fjármálakerfinu með því að greiða fyrir samkeppni, innlendri og erlendri, og hvetja til fækkunar lánastofnana og minni tilkostnaðar.
- Tryggja endurreisn atvinnulífsins byggða á almannahagsmunum, samfélagslegri ábyrgð, jöfnum hlut kynja og heilbrigðum rekstrarsjónarmiðum. Að heilbrigð samkeppni ríki á sem flestum mörkuðum efnahagslífsins.
- Móta þarf skýrar reglur um fjármálamarkaði sem byggjast á ábyrgð og góðu siðferði. Reglur sem auka gegnsæi og endurvinnu traust á fjármálakerfinu. Bankasýsla ríkisins þarf að fylgja fast eftir fyrirbyggjandi eigendastefnu um hluti ríkisins í fjármálastofnunum.
- Gera þarf ríkari kröfur til bankanna um að hraða endurskipulagningu skulda fyrirtækja og einstaklinga og að unnið sé eftir samræmdum, hlutlægum og gagnsæjum reglum. Tryggja þarf skilvirkt eftirlit með því að svo sé og hvernig staðið er að sölu eigna bankanna. Þegar stór hluti fyrirtækja er í sérstakri skuldameðferð eða jafnvel í beinni eigu banka skapast aukin hætta á skekktri samkeppnisstöðu.
- Besta leiðin til að auka hagkvæmni í fjármálakerfinu og draga úr rekstrarkostnaði þess er að auka samkeppni, kappkosta að eignarhald sé dreift og að draga skýr mörk milli starfsemi fjármálafyrirtækjanna og viðskipta tengdra aðila. Til að ná ofangreindum markmiðum þarf virkar, sterkar og sjálfstæðar eftirlitsstofnanir sem hafa burði til að framfylgja settum reglum á markaði og afl til upplýsingaröflunar í því skyni.
- Þá þarf að koma í veg fyrir ábatakerfi sem hvetja til skammtíma-hugsunar og áhættusækni, bæta viðskiptahætti og stemma stigu við misnotkun félaga með takmarkaða ábyrgð og koma í veg fyrir

starfsemi aðila sem ítrekað, af ásetningi eða vanrækslu, reka félög í þrot með tilheyrandi samfélagslegu tjóni.

- Hvetja þarf til innlendra og erlendra fjárfestinga og skapa atvinnulífinu jákvæð rekstrarskilyrði með markvissri atvinnustefnu, sbr. atvinnustefnu Samfylkingarinnar.
- Unnið verði að því að tryggja samræmd lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn.



# Sjálfbær þróun - jafnvægi og jöfnuður

Samfylkingin lítur á aðgang að heilnæmu umhverfi og óspilltri náttúru og sjálfbæra nýtingu auðlinda sem mannréttindi. Íslensk náttúra er ein verðmætasta eign íslensku þjóðarinnar. Við vernd og nýtingu náttúrugæða ber að virða rétt komandi kynslóða og hafa hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi við uppbyggingu atvinnulífs í góðri sátt við náttúru og umhverfi.

## Samfylkingin leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Samfylkingin fagnar Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða og lýsir ánægju með þann áfanga sem nú hefur náðst. Jafnframt skorar flokkurinn á Alþingi að fjalla um þingsályktun um áætlunina af þeirri ábyrgð og alúð sem svo stórt mál krefst. Niðurstöður rammaáætlunar eru öflugt tæki sem getur gagnast vel til að ná betri sátt um nýtingu og friðun náttúrusvæða, jafnframt því sem hún auðveldar faglega umræðu um málaflokkinn.
- Rammaáætlunin sýnir einnig glögg að nýtanlegar orkuauðlindir eru miklar, en langt í frá ótakmarkaðar og nauðsynlegt að nýta þær af varkárni. Samhliða umræðu um rammaáætlun þarf að vinna áfram að rannsóknum og öflun gagna og leita leiða til að bæta nýtingu og draga úr mengun frá jarðvarmavirkjunum.
- Uppbyggingu atvinnulífsins skal ætíð útfæra á þremur megin sviðum; þ.e. efnahags, samfélags og umhverfis, sbr. Ísland 20/20. Horfa þarf til langs tíma og heildaráhrifa tengdra framkvæmda þegar ráðist er í stórar framkvæmdir og forðast þær freistingar sem felast í skammvinnum gróða á kostnað umhverfisins. Endurskapa þarf íslenskt hagkerfi sem grænt hagkerfi<sup>3</sup>. Efla þarf græna atvinnustarfsemi en um leið skoða vel grónar atvinnugreinar og stuðla að því að þær þróist í átt að sjálfbærni.

## Umhverfisákvæði í nýrri stjórnarskrá og réttur almennings

- Samfylkingin lýsir yfir sérstakri ánægju með þá áherslu sem lögð er á sjálfbæra þróun og umhverfismál í nýjum drögum að stjórnarskrá, m.a. varðandi rétt íbúa til heilnæms umhverfis og mikilvægi þess að taka tillit til réttinda núverandi og komandi kynslóða.

---

<sup>3</sup> Sjá skýringu á hugtaki aftast í þessum kafla.

- Auka þarf rétt almennings til aðkomu að ákvörðunum í umhverfismálum og virkja til ábyrgrar þátttöku á sviði þeirra. Mikilvægt skref í þeirri viðleitni er fullgilding Árósasamningsins sem nýlega var samþykkt á Alþingi.

## **Bætt eftirlit, stjórnýsla og þekking**

- Stórefla þarf eftirlit hins opinbera, bæði ríkisstofnana og stofnana á vegum sveitarfélaga, til að tryggja að öll fyrirtæki fylgi lögum og reglum sem varða umhverfis- og mengunarmál. Gera þarf auknar kröfur til fyrirtækja og hvetja þau til að sýna frumkvæði í að innleiða hugmyndafræði sjálfbærni í rekstur sinn.
- Umhverfismál eru ekki síður mikilvæg í þéttbýli en á ósnortnum svæðum. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki, t.d. í skipulagsvinnu, og bera því mikla ábyrgð þegar kemur að því að efla umhverfisvitund í daglegu lífi íbúa. Brýnt er að sveitarstjórnir taki þetta hlutverk alvarlega og taki tillit til umhverfissjónarmiða í allri ákvarðanatöku. Mikilvægt er að sveitarfélög setji sér umhverfisstefnu. Flokkun úrgangs þarf að koma á í öllum sveitarfélögum. Endurvekja skal Staðardagskrá 21 starfið og umhverfisráðuneytið skal hafa yfirumsjón með Staðardagskrá 21 fyrir sveitarfélög. Sérfræðingateymi á vegum þess skal vera til staðar, sveitarfélögunum til ráðgjafar og aðstoðar.
- Góð þekking er undirstaða þess að faglega sé staðið að verki við stefnumörkun. Styðja þarf áfram við rannsóknir á lífríki lands og sjávar og miðla þeirri þekkingu til að auka samfélagslega meðvitund um mikilvægi umhverfismála.

## **Ábyrgð á alþjóðavettvangi**

- Ísland skal óhikað taka þátt í alþjóðlegri samvinnu um umhverfismál af ábyrgð og metnaði til að raunverulegur árangur náist. Aðild að Evrópusambandinu mun styrkja rödd Íslands í alþjóðlegri samvinnu á þessu sviði. Tryggja þarf að Ísland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar. Loftslagsmálin eru eitt stærsta mál samtímans, og ekki síst mikilvæg fyrir Ísland, vegna þeirrar ógnar sem náttúru og lífsskilyrðum á Íslandi kann að stafa af veðurfarsbreytingum á norðurslóðum. Því eru loftslagsmálin eitt af meginatriðum í utanríkismálum þjóðarinnar, sbr. ályktun utanríkis- og Evrópunefndar. Nýsamþykkt aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, áhersla á eflingu almenningsgangna og aðgerðaráætlun um orkuskipti og vistorku í samgöngum eru mikilvægir þættir í framlagi Íslands á sviði loftslagsmála sem fylgja ber eftir af einurð. Jafnframt á Ísland að beita sér áfram fyrir samþættingu kynjasjónarmiða í

baráttunni gegn loftslagsbreytingum og tryggja aðkomu beggja kynja að aðgerðum og fjármagni.

- Vernd hafsins og sjálfbær nýting sjávarauðlinda eru brýn alþjóðleg baráttumál Íslendinga. Þá eiga Íslendingar einnig mikið undir því að umhverfisvæn viðhorf ríki við framleiðslu vöru á alþjóðlegan neytendamarkað.
- Taka verður mið af þessum hagsmunum þegar kemur að alþjóðlegri samvinnu. Í alþjóðlegum umhverfismálum eiga Íslendingar ekki að láta sér nægja hin formlegu ríkjasamskipti heldur leggja rækt við að vinna með félagasamtökum og alþjóðahreyfingum á sviði umhverfismála og náttúruverndar. Slík samvinna getur skilað miklum árangri, bæði í sameiginlegum baráttumálum og fyrir íslenska hagsmuni. EES samningurinn er gott dæmi um jákvæð áhrif samstarfs okkar við aðrar þjóðir á sviði umhverfismála, en við fulla aðild að Evrópusambandinu verður náttúruvernd gefinn aukinn gaumur.
- Samfylkingin fagnar þeim markverða árangri sem náðst hefur síðan aðild hennar að ríkisstjórn hófst en þar má sérstaklega nefna rammaáætlun, stofnun og stækkun Vatnajökulspjóðgarðs, ný skipulags, mannvirkja- og brunavarnarlög, ýmsar lagabætur um úrgang og endurvinnslu, og endurskoðuð vatnalög, aðild að viðskiptakerfi ESB með losunarkvóta (ETS), rannsóknar- og stefnumótunarvinnu og aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, ennfremur lögleiðingu Árósasamningsins og fyrirhugaða lögfestingu mengunarbótareglunnar. Viðhorf til umhverfismála hafa gjörbreyst með tilkomu Samfylkingarinnar í ríkisstjórn.

#### **Skýring á hugtakinu *grænt hagkerfi***

Græna hagkerfið hefur verið skilgreint sem það hagkerfi sem kemst á með grænni hagstjórn er felur í sér skipulega aðferðafræði við stefnumótun þar sem sjónarmið umhverfis- og náttúruverndar og sjálfbærrar auðlindastjórnunar eru samofin allri ákvarðanatöku í opinberri stjórnsýslu. Í grænu hagkerfi eru mannvit og mannauður virkjuð til nýsköpunar og framþróunar og hefðbundnar framleiðslugreinar endurnýja sig með sjálfbærni að leiðarljósi. Grænt hagkerfi byggist á virðingu fyrir náttúrunni og gæðum hennar sem eru sameign þjóðarinnar í nútíð og framtíð og ber að umgangast sem slík af hófsemi með hliðsjón af hagsmunum afkomenda okkar. Grænt hagkerfi svarar því kröfunni um jafnræði og jafnvægi milli náttúruverndar og nýtingar, milli einstakra atvinnugreina og kynslóða.

**Sjá nánar á vefslóðinni: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0909.html>**

# Menntun er lykill að jöfnum tækifærum

Samfylkingin vill að menntastefna á Íslandi byggji á jöfnuði, virðingu og metnaði með það fyrir augum að öll börn og ungmenni geti fundið hæfileikum sínum farveg innan skólanna. Markmið menntastefnu Samfylkingarinnar er að íslenskir nemendur standi jafnfætis nemendum í nágrannalöndum okkar og njóti menntunar sem veitir góðan undirbúning fyrir fjölbreytt störf að námi loknu. Þar er verk að vinna því rannsóknir sýna að íslenskt skólakerfi er dýrt borið saman við ríki OECD, að nemendur standi verr þegar kemur að raun og tæknigreinum og að brottfall úr framhaldsskóla sé óeðlilega hátt. Háskólastigið þarf að efla sérstaklega og auka fé til rannsókna.

## Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar

- Mikilvægt er að laga menntakerfið að þörfum nemenda með það að markmiði að bæta menntun þeirra og tryggja vellíðan í skóla. Sérstaklega verði metið hvernig innleiða megi heildstætt, árangursríkar leiðir til að þjóna nemendum með náms- eða hegðunarerfiðleika. Samfylkingin vill auka samfellu leik-, grunn- og framhaldsskóla þannig að gæði og skilvirkni menntunar og skólakerfis verði sem best. Miða skal við að framhaldsskóli sé að meðaltali um 3 ár og að fræðsluskylda geti hafist við 5 ára aldur sem er síðasta ár leikskólans. Mikilvæg forsenda þess að auka samfellu milli skólastiga er að þeir séu á ábyrgð sama stjórnvalds. Samfylkingin leggur því til að hugað verði að flutningi framhaldsskólans til sveitarfélaganna. Tólmundastarf utan skólanna mætti samþætta betur við skólastarfið. Efnt skal til samráðsvettvangs menntamála og æskulýðshreyfingar sem nær til íþrótt- og tólmundastarfs á öllum skólastigum.
- Samfylkingin leggur sérstaka áherslu á aukið vægi list- og verkgreina innan allra skólastiga. Nauðsynlegt er að styðja sérstaklega við fagmenntun kennara og námsráðgjafa í raun- og tæknigreinum og setja langtímamarkmið um betri raungreinamenntun íslenskra grunnskóla-barna. Samfylkingin vill skoða fýsileika þess að reisa vísinda- og tæknisetur til að auka áhuga nemenda á raungreinum. Leggja skal áherslu á frumkvöðlafræðslu innan skólakerfisins.
- Brottfall úr íslenskum framhaldsskólum er með því hæsta sem þekkest innan OECD. Sú sóun sem felst í miklu brottfalli nemenda úr framhaldsskóla er óásættanleg í samfélagi sem stefnir að velferð og jöfnuði. Stefna ber að því að hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið viðurkenndu starfs- eða framhaldsskólanámi lækki úr 30% í 10%. Leita skal allra leiða til að minnka brottfall. Aukið samstarf milli skóla og

atvinnulífs, opnari framhaldsskóli og framsækin nýsköpun í kennsluháttum gegna þar lykilhlutverki.

## Háskólamál

- Háskólamenntun er forsenda atvinnuþróunar í samfélaginu. Samfylkingin vill efla háskólastarf í landinu með áherslu á kennslu og rannsóknir sem standast alþjóðlegar gæðakröfur. Breyta þarf forgangsröðun fjárveitinga til menntamála og hækka framlög til háskóla. Tryggja þarf aukið samstarf og verkaskiptingu háskóla í landinu með það fyrir augum að bæta nýtingu opinbers fjár, draga úr offramboði náms í tilteknum greinum og tryggja aðgengi landsbyggðarfólks að háskólanámi.
- **Stefnt verði að sameiningu opinberu háskólana** og lögð áhersla á að styrkja stöðu Háskóla Íslands sem öflugs rannsóknaháskóla í fremstu röð. Jafnframt verði tryggt framboð háskólanáms á landsbyggðinni, með Háskólann á Akureyri sem miðstöð.
- Hugað verði að **stofnun samstæðu allra háskóla í landinu**, opinberra sem einkarekinna, með það fyrir augum að auka samstarf og verkaskiptingu þeirra á milli, draga úr offramboði á hliðstæðu námi í fámennum námsbrautum, og nýta betur opinbert fjármagn til háskóla. Fyrsta skrefið verði að setja á fót stjórnábyrgð Háskólastigsins sem beiti sér fyrir nánari samvinnu háskólanna, skoði m.a. leiðir til að samræma rekstrarform og fjármögnun háskólanna, hvort flokka eigi háskóla í rannsóknaháskóla og fagháskóla að erlendri fyrirmynd, hvernig megi samnýta búnað og aðstöðu til kennslu og rannsókna o.s.frv.
- Samhliða breytingum á skipulagi háskólanáms þarf að auka fjölbreytni valkosta í framhaldsnámi með þróun nýrra námsbrauta. Þar er grundvallaratriði að efla og styrkja starfsnám með áherslu á styttra nám til starfsréttinda. Þar verði m.a. skoðaðar leiðir sem gefist hafa vel í öðrum löndum, t.a.m. fagskólar og lýðháskólar.
- Gerð verði úttekt á kostum þess og göllum að taka upp almenn inntökupróf í háskólum.

## Efling samkeppnissjóða

Stefna ber að því að framlög opinberra og einkaaðila til rannsókna og þróunar nái 4% af landsframleiðslu árið 2020. Auka þarf verulega framlög til samkeppnissjóða á Íslandi enda eru þeir árangursríkasti farvegur fyrir stuðning við vísindastarfsemi og atvinnuþróunar í landinu. Stefnt verði að því að rannsóknasjóðir í sjávarútvegi og landbúnaði sameinist Rannsóknasjóði og/eða Tækniþróunarsjóði með það fyrir

augum að samræma gæðamat, fjármögnun og eftirfylgni með vísindarannsóknum á Íslandi.

## Bætt þjónusta LÍN

Teknar verði upp að nýju mánaðarlegar greiðslur námslána, grunnframfærsla námslána hækkuð og stigin fyrstu skref í átt til blandaðs kerfis styrkja og lána hjá nemendum sem skila fullnægjandi námsárangri.

## Skýrari rammi um einkarekstur

Skilgreind verði réttindi og skyldur einkaskóla og ábyrgð stjórnvalda gagnvart nemendum og rekstri með áherslu á jafnræði milli skóla og virkara fjárhagseftirlit hins opinbera. Samhliða fari fram heildstæð endurskoðun á þjónustu LÍN við einkaskóla í því augnamiði að tryggja markvissari nýtingu opinbers fjár.

## Menningarstefna

Samfylkingin vill skapa forsendur fyrir kraftmiklu menningarlífi, sem virkjar sköpunarkraft þjóðarinnar og styrkir sjálfsmynd hennar. Fjölskrúðugt menningarlíf er einn helsti styrkur íslensks samfélags og almenn þátttaka þjóðarinnar í menningarstarfi á vart sinn líka. Mikilvæg forsenda þess að áfram verði blómlegt menningarlíf í landinu er að menningarlæsi barna og ungmenna verði áhersluatriði í starfi leik-, grunn- og framhaldsskóla.

- Skapandi greinar eru burðargrein í íslensku atvinnulífi, skapa ört vaxandi útflutningstekjur og samræmast í stórum dráttum hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
- Samfylkingin vill efna til víðtæks samráðs við fulltrúa menningargeirans og aðila vinnumarkaðarins um mótun heildstæðrar menningarstefnu til ársins 2020.

### Samfylkingin leggur áherslu á eftirtaldar aðgerðir:

- Treysta menningarhlutverk Ríkisútvarpsins, með aukinni áherslu á íslenska dagskrárgerð og samstarf við sjálfstætt starfandi listamenn.
- Efla kvikmyndagerð í landinu með auknum framlögum til Kvikmynda-sjóðs. Auka þarf stuðning við kvikmyndanáms- og stefna að kvikmynda-námi á háskólastigi.
- Endurskoða skiptingu opinbers fjár milli listgreina, menningarstofnana og sjálfstætt starfandi listamanna á grundvelli heildstæðrar upplýsingaöflunar um stöðu mismunandi greina. Sérstaklega verði litið til greina sem hafa notið takmarkaðs opinbers stuðnings, s.s. hönnunar og danslistar.

- Tryggja að allt opinbert fé til lista og menningarmála lúti faglegu úthlutunarferli með áherslu á markvissari nýtingu fjármuna og virkt eftirlit með ráðstöfun.
- Tryggja þarf aðkomu skapandi greina að opinberum rannsókn- og nýsköpunarsjóðum.
- Auka framboð á framhaldsmenntun, þar með talið meistaranámi í listgreinum. Auk þess efla menntun og endurmenntun kennara í listgreinum.
- Efla kynningarmiðstöðvar listgreina og hönnunar og getu þeirra til sóknar á alþjóðamarkaði í gegnum nýjan útflutningssjóð skapandi greina.
- Styrkja enn frekar þátttöku listamanna í alþjóðlegu samstarfi.
- Styðja frjálsa og óháða rannsóknablaðamennsku í landinu. Lagður verði grunnur að stofnun Fjölmíðlasjóðs sem veiti styrki til verkefna á sviði rannsóknablaðamennsku.
- Taka til endurskoðunar fyrirkomulag heiðurslauna listamanna með áherslu á faglegt matsferli og gagnsætt regluverk. Tryggja þarf jafnræði listamanna gagnvart öðrum fagstéttum varðandi félagsleg réttindi.
- Tryggja með samningum framtíð þeirra alþjóðlegu menningarhátíða sem gegna því hlutverki að kynna verk íslenskra listamanna í alþjóðlegu samhengi.

# Efling sveitarstjórnarstigsins

Samfylkingin telur að efling sveitarstjórnarstigsins sé ein af meginforsendum aukinnar velferðar og bættra búsetuskilyrða í landinu. Þjónustu er best fyrir komið sem næst þeim sem hana nýta og þátttaka íbúa í ákvarðanatöku á að efla.

Samfylkingin telur að málefni aldraðra, heilsugæsla, atvinnuþróun, heilbrigðis- og matvælaeftirlit og forgangsröðun í samgöngumálum landshlutanna eigi heima á sveitarstjórnarstiginu. Auk þess komi málefni framhaldsskólans og ábyrgð sveitarfélaga á viðhaldi og almennri vegagerð til skoðunar. Þá verði stefnt að sameiginlegum þjónustumiðstöðvum ríkis og sveitarfélaga í landshlutunum og sameiginlegri þjónustugátt fyrir alla opinbera þjónustu og leyfisveitingar á vefnum.

Til að takast á við aukin verkefni er frekari sameining sveitarfélaga og nánari samvinna innan landshlutanna nauðsynleg. Áfram skal stuðlað að sanngjarnri tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og samstarf þessara stjórnsýslustiga styrkt. Tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir og sjálfsákvörðunarréttur þeirra til að ráða sínum eigin málum virtur.

Samfylkingin telur mikilvægt að Alþingi skipi sveitarfélögum eftirlitsaðila í stað eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga. Þessi stofnun yrði hliðstæð Ríkisendurskoðun, heyrði beint undir Alþingi og hefði sambærilegar heimildir til eftirlits og inngripa og Ríkisendurskoðun.

Samfylkingin telur tímabært að huga að stuðningi við skuldsett sveitarfélög eftir það efnahagshrun sem hér varð og leggur áherslu á að allar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði unnar í nánu samráði við fulltrúa sveitarfélaganna.

## Byggðamál

- Samfylkingin vill tryggja öllum landsmönnum sambærileg lífskjör óháð búsetu og að þeir eigi greiðan aðgang að menntun, atvinnu og þjónustu.
- Ísland 20/20 er mikilvægt framlag ríkistjórnarinnar til sóknar fyrir atvinnulíf og samfélag alls staðar á landinu. Brýnt er að þeim verkefnum sem af henni leiða fylgi fjármagn. Við forgangsröðun verkefna er mikilvægt að horft sé til sóknaráætlana landshlutasamtök og verkefna á þeirra grunni. Mikilvægt er að fjárfesta í innviðum og samgöngubótum til að stytta leiðir og sameina atvinnu- og búsetusvæði.
- Samfylkingin telur að að skipta ætti landinu upp í svæðisskipulags-einingar út frá legu þeirra og tengslum til að bæta gæði lands og byggða. Eðlilegt er að svæðisskipulagseiningar séu í samræmi við



skiptingu landsins í þjónustusvæði, sbr. Ísland 20/20. Í hverri svæðisskipulagseiningu yrði sett sameiginleg stefna um byggðaðróun, samgöngur og landnotkun á svæðinu sem yrði skuldbindandi grunnur hvers aðalskipulags.

- Samfylkingin telur að samhliða samþættingu áætlana og skiptingu landsins í þjónustusvæði verði stofnanir og stjórnsýsla hins opinbera samræmd og ábyrgð heimamanna á áætlanagerð, framkvæmd og eftirfylgni aukin.
- Mikilvægt er að halda áfram að efla innviði dreifðra byggða með samgöngubótum sem stytta leiðir og sameina svæði. Samfylkingin telur að í mörgum tilfellum sé hægt að koma stjórnsýslu hins opinbera og stofnunum fyrir á landsbyggðinni. Þó skal hagkvæmni og fagmennska ávallt ráða slíku vali.
- Samfylkingin telur að aðild að Evrópusambandinu feli í sér góð tækifæri til að styrkja búsetu um allt land. Tryggja þarf að ákvarðanir vegna úthlutunar styrkja úr sjóðum ESB verði teknar í náinni samvinnu landshlutasamtaka og viðkomandi stjórnvalds, á grundvelli framtíðarsýnar heimafólks.
- Samfylkingin vill halda áfram þróun víðtækrar stefnu fyrir höfuðborgarsvæðið til að nýta kraft og möguleika borgarsamfélags í framtíðinni í takt við búsetu- og atvinnuþróun í landinu. Með aðild að Evrópusambandinu gefast ýmis tækifæri til að leita í smiðju annarra Evrópuþjóða um ráðgjöf og samstarf við slíka stefnumótun auk þess sem hægt er verður að sækja um fjárhagslegan stuðning í uppbyggingarsjóði sambandsins til ýmissa umbótaverkefna.

## **Íbúalýðræði og sveitarfélög**

- Samfylkingin telur að þróun íbúalýðræðis og aukið samráð sé mikilvæg á vettvangi sveitarstjórna til að auka áhrif íbúa á umhverfi sitt. Vinnubrögð þjóðfundar og stjórnlagaráðs sem og reynsla einstakra sveitarfélaga af auknu samráði við íbúa og íbúakosningum auðvelda vinnu að frekari þróun þess. Þá gefa ný sveitarstjórnarlög ótvíræð tækifæri til að þróa markvisst samráð og íbúalýðræði. Samfylkingin beinir því til fulltrúa sinna í sveitarstjórnnum að takast markvisst á við þetta verkefni, auka skipulegt samstarf, miðla reynslu og móta nýjar hugmyndir, m.a. á vettvangi málefnanefndar um sveitarstjórnarmál.

## Samgöngumál

- Samfylkingin telur mikilvægt að ríki og sveitarfélög styðji með afgerandi hætti við umhverfisvænar samgöngur og móti stefnu um hvernig markmiðum verði náð í skilgreindum þrepum.
- Samfylkingin vill stórauka almenningssamgöngur um allt land með stuðningi ríkis og sveitarfélaga og fagnar nýlegri viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um sérstakar fjárveitingar til málaflokksins á næstu tíu árum. Í fjölmennari sveitarfélögum helst skipulagsstefna og þróun almenningssamgangna í hendur. Samfylkingin telur uppbyggingu þéttar, blandaðrar byggðar á miðlægum svæðum stuðla að umhverfisvænni og vænlegri byggðarþróun.
- Samfylkingin telur að öflugar samgöngur séu mikilvægur þáttur í að styrkja landið sem heild, ásamt því að efla hvern landshluta. Bættar samgöngur má fjármagna með veggjöldum svo fremi sem gjaldfrjáls valkostur verði ávallt til staðar. Ákvarðanir um veggjöld á einstaka svæðum skal taka að höfðu samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
- Samfylkingin vill taka upp ríkisstyrktar strandsiglingar með það markmið að draga úr þjóðvegaflutningum.
- Sveitarfélög vinni eftir tölusettnum áætlunum um fækkun umferðarslysa.
- Gert verði almannavarnaáhættumat fyrir landið allt og taka m.a. til viðbragða við sjávarflóðum og flóðbylgjum.

# Aðgerðaráætlun í málefnum ungs fólks

Premur árum eftir hrun telur meira en helmingur ungs fólks á Íslandi að tækifærin séu fleiri og betri utan Íslands. Þeirri stöðu þurfum við að snúa við. Það er verkefni Samfylkingarinnar að setja fram skýra framtíðarsýn um heilbriggt og gott samfélag.

Ungt fólk öðlast ekki aftur trú á framtíðinni nema við sköpum samfélag sem býður því fjölbreytt tækifæri til menntunar og þroska, spennandi atvinnutækifæri og almennt góð lífskjör. Það á að vera spennandi að búa á Íslandi – en lífskjörin verða einnig að vera sambærileg við nágrannaríkin þannig að ungt fólk sjái fram á að geta séð sér farborða, eignast heimili og fjölskyldu og tekið virkan þátt í samfélaginu.

## Skýr, raunhæf og spennandi framtíðarsýn

- Ungt fólk vill nútímalegt, fjölbreytt atvinnulíf sem byggir á þekkingu, sköpun og hámarksvirðisauka þeirra auðlinda sem við eigum. Ungt fólk vill gott skólakerfi sem stenst alþjóðlegan samanburð, fjölbreytt námsúrval, kennslu á heimsmælikvarða og tækifæri til náms erlendis. Ungt fólk vill jafnréttissinnað samfélag og traust velferðarkerfi. Samfélagið þarfnast unga fólksins og krafta þeirra í framtíðinni – ef okkur tekst ekki að skapa þeim tækifæri þá töpum við öll því framtíð unga fólksins er framtíð Íslands.
- Reynslan kennir og umfangsmiklar rannsóknir sanna að samfélög jöfnuðar eru farsælustu samfélög heimsins. Þar er traust og sátt milli einstaklinga mest og þar eru samfélagsleg vandamál minnst. Auk þess glatast mikil verðmæti í samfélögum ójafnaðar, þar sem ekki allir ná að vera virkir þátttakendur og leggja sitt af mörkum.
- Það eru tækifæri til breytinga í íslensku samfélagi. Við eigum að nýta þau og byggja sanngjarnara og réttlátara þjóðfélag og stuðla að aukinni samfélagskennd. Ísland framtíðarinnar verður einnig að umbera mismunandi skoðanir og hvetja til lýðræðislegrar umræðu og virkrar þátttöku ungs fólks í mótun samfélagsins. Til þess að það geti orðið þurfa að eiga sér stað lagalegar umbætur og viðhorfsbreyting í samfélaginu. Umræða um samfélagsleg málefni á að vera sjálfsagður þáttur í lífi ungs fólks og það á að hvetja til þess að ungt fólk þjálfí sig í lýðræðislegri umræðu og þátttöku.
- Framtíðarsýn Samfylkingarinnar byggir á umburðarlyndi og alþjóðahyggju og er í takt við alþjóðlegan hugsunarhátt ungs fólks sem lítur á

heiminn sem sinn vettvang. Alþjóðatengsl og samskipti eru Íslandi gríðarlega mikilvæg og með alþjóðlegu samstarfi getum við stuðlað að samfélagsþróun og auknum jöfnuði. Full þátttaka í samstarfi Evrópuríkja tryggir áframhaldandi ferðafrelsi, aðgang að menntastofnunum, vísindasamfélagi og aðgengi að alþjóðlegu markaðssvæði og vinnumarkaði. Alþjóðasamskipti gera okkur einnig kleift að taka þátt í lýðræðisumræðu á alþjóðavettvangi.

- Aðgerðaáætlun Samfylkingarinnar undirstrikar hvernig hið opinbera getur tekið frumkvæði að því að skapa umgjörð fyrir réttlátara samfélag jöfnuðar, lýðræðis og umburðarlyndis – og skýran valkost við samfélag mótað af markaðsöflum og hagsmunaaðilum á grundvelli íhalds- og einangrunarstefnu.

## Fjárfestum í ungu fólki

- Sátt virðist ríkja í samfélaginu um að hátt menntastig þjóðarinnar skipti sköpum til framtíðar. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að færa nám fjölmargra starfsstétta á háskólastig en kjör þeirra hafa ekki batnað með lengra námi og auknum kröfum um árangur og færni. Ef markmið um hærra menntunarstig þjóðarinnar eiga að nást, þarf að tryggja að menntun sé góð fjárfesting fyrir einstaklingana sjálfa ekki síður en samfélagið.
- Undir forystu Samfylkingarinnar hafa stjórnvöld sett sér þau markmið að fækka ómenntuðu fólki á vinnumarkaði úr 30% í 10% árið 2020. Til að ná því markmiði er brýnasta verkefnið að tryggja að ekki haldi áfram að bætast í þann hóp ungs fólks sem er án menntunar. Efla þarf framhaldsskólana og gera þeim kleyft að mæta fjölbreyttum þörfum ungs fólks og jafnframt þarf að fjölga tækifærum til annarskonar náms og þroska sem metinn er á formlegan hátt.
- Hátt atvinnustig og mikil atvinnuþátttaka hafa lengi verið meginéinkenni íslensks vinnumarkaðar. Verulegt langtímaatvinnuleysi er hins vegar ein af afleiðingum efnahagshrunsins. Það er orðið mjög brýnt að koma til móts við þann stóra hóp ungs fólks sem er án atvinnu í dag og án þátttöku í viðeigandi virkniúrræðum. Vinna þarf markvisst gegn óvirkni og félagslegri einangrun þeirra sem eru án atvinnu, ekki síst þeirra sem yngstir eru.

### Aðgerðir:

- Efna þarf til viðvarandi samstarfs ríkis, sveitarfélaga og framhaldsskóla sem hafi það sem langtíamarkmið að hlutfall hvers árgangs sem hefur lokið einhverju námi á framhaldsskólastigi verði komið í 90% árið 2020.

- Til að mæta þörfum þess hóps sem skólakerfið hefur ekki náð að sinna þarf að byggja upp fleiri og fjölbreyttari valkosti í námi þar sem sérstök áhersla er lögð á skapandi greinar, upplýsingatækni og önnur hagnýt og spennandi tækifæri til þjálfunar og þroska. Stjórnvöld eiga þannig að styðja í verki nýjar hugmyndir á því sviði, t.d. um stofnun öflugs lýðskóla að norrænni fyrirmynd.
- Fjölga þarf úrræðum þar sem boðið er „annað tækifæri til náms“ fyrir ungt fólk yfir tvítugu sem ekki hefur lokið neinu námi eða starfsþjálfun á framhaldsskólastigi og tryggja að það úrræði sem nú er farið af stað undir yfirskriftinni „Nám er vinnandi vegur“ verði haldið áfram.
- Breyta þarf lögum til að tryggja að þátttaka í virkniúrræðum og þjónusta og stuðningur við atvinnuleitendur verði óháð áunnum réttindum til greiðslu atvinnuleysisbóta.
- Hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi og móti ramma um með hvaða hætti viðurkenning á menntun eigi að koma fram í launum.

## Hagfellt umhverfi fyrir barnafólk

- Eitt stærsta hagsmunamál ungs fólks og um leið samfélagsins alls er að vel sé búið að barnafólki. Á Íslandi skortir heildstæða stefnu stjórnvalda í þessum málum og þar af leiðandi er ekki hægt að tala um samræmd og heilstæð úrræði fyrir barnafjölskyldur. Þó ber að fagna aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna 2007 - 2011 sem lögð fram fram á Alþingi árið 2007, af þáverandi félagsmálaráðherra, og enn er unnið eftir. Fæðingarorlof íslenskra foreldra er styttra en almennt tíðkast í löndunum kringum okkur og þegar því lýkur njóta foreldrar engra lögbundinna réttinda til þjónustu.
- Barneignir hafa ólík áhrif á stöðu kynjanna á atvinnumarkaði. Góðir möguleikar beggja foreldra til að samræma fjölskyldulíf og launavinnu er ein forsenda þess að í samfélaginu ríki jöfnuður. Fæðingarorlof og orlofsgreiðslur verða því að vera þannig gerðar að bæði kyn hafi jafnan möguleika á því að sinna börnum og atvinnu.
- Samfylkingin hefur skýra stefnu í þessum málum, sem felst í því að skilgreina leikskólann sem hluta af þeirri grunnþjónustu sem íslenskum sveitarfélögum er ætlað að veita lögum samkvæmt og lengja fæðingarorlof íslenskra foreldra til jafns við það sem tíðkast í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

- Það er einnig mikilvægt skref í jafnréttisátt að tryggja í framkvæmd stuðning við alla foreldra, m.a. óháð kyni og fjölskyldugerð, til þess að geta axlað hlutverk sitt með reisn.
- Í því skyni þarf nauðsynlega að aðlaga lög um réttarstöðu foreldra og barna að því samfélagi sem við lifum í og til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar.

#### **Aðgerðir:**

- Fæðingarorlof verði lengt í skrefum í 12 mánuði og Fæðingarorlofssjóður verði styrktur með það að markmiði að tryggja barni samvistir við báða foreldra og bæði konum og körlum sé gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf sitt.
- Þjónusta leikskóla verði lögbundin frá lokum fæðingarorlofs eða frá 12 mánaða aldri barns.
- Réttur foreldra til að vera frá vinnu á meðan börn eru að aðlagast leikskóladvöl í upphafi leikskólagöngu verði lögfestur sem 2 vikna viðbót við 12 mánaða fæðingarorlof.
- Settar verði samræmdar reglur um heimildir sveitarfélaganna til innheimtu þjónustugjalda leikskóla. Litið verið til annarra Norðurlanda sem fyrirmyndar í þeim efnum.
- Réttarstaða foreldra og barna í ólíkum fjölskyldurgerðum verði samræmd með breytingum á lögum.

#### **Valkostir í húsnæðismálum og samgöngum**

- Húsnæðisöryggi er grundvöllur velferðar í samfélaginu sem allir eiga að njóta, óháð félagslegum aðstæðum. Sú séreignarstefna sem ríkt hefur í húsnæðismálum á Íslandi mætir ekki þörfum stórum hluta ungs fólks. Húsnæðiskerfið þarf að vera þannig uppbyggt að ungt fólk hafi val, geti hagað húsnæðismálum sínum í takt við aðstæður á hverjum tíma. Kerfið þarf að vera sveigjanlegt og uppbygging þess á að stuðla að jafnræði á milli ólíkra búsetuforma.
- Samgöngumöguleikar hafa ekki síður áhrif á valkosti ungs fólks í húsnæðismálum og almennt á lífsgæði þeirra. Með öflugum almenningssamgöngum, þar sem höfuðborgarsvæðið er í leiðandi hlutverkefni, þarf að mynda mótvægi við einkabílinn.

### **Aðgerðir:**

- Teknar verði upp húsnæðisbætur í stað vaxta- og leigubóta. Ákvörðun um bætur verði óháð búsetuformi en taki tillit til fjölskyldustærðar og heimilistekna.
- Efla þarf markað með fjölbreyttar og vandaðar leigu- og búseturéttaríbúðir. Í því skyni þarf að bæta starfsumhverfi húsnæðissamvinnufélaga, fyrirtækja eða sjálfseignarstofnana á húsnæðismarkaði og endurskoða lagaumhverfi leigumarkaðarins í heild sinni.
- Sveitarfélögin þurfa að beita sér með afgerandi hætti við lóðaúthlutunanir og með sérstökum stuðningi við húsnæðissamvinnufélög.
- Sérstaklega þarf að fjölga námsmannaíbúðum til að tryggja að skortur á húsnæði hamli ekki námi og greiða þarf fyrir byggingu smærri og ódýrari leiguíbúða sem henta ungu og tekjulægra fólki.
- Finna þarf leiðir til að efla almenningssamgöngur og tryggja að þær mæti þörfum ungs fólks.

### **Ungt fólk og skapandi þekkingarhagkerfi 21. aldarinnar**

- Íslensk stjórnvöld þurfa að leggja aukna rækt við menntun og vísindi og styðja við bakið á allri frumkvöðlastarfsemi sem miðar að því að þróa öflugt þekkingarsamfélag. Við eigum líka að byggja á þeim sigrum sem þegar eru unnir og ekki leyfa því sem áunnist hefur að tapast. Við megum ekki missa dýrmæta þekkingu og fyrirtæki úr landi þar sem margt ungt fólk hefur fundið þekkingu sinni og sköpunargleði farveg. Stjórnvöld verða að skapa starfsskilyrði fyrir fyrirtæki utan hefðbundinna atvinnugreina sem starfa í alþjóðlegu umhverfi samanber atvinnustefnu Samfylkingarinnar.

### **Aðgerðir:**

- Halda þarf áfram að efla samkeppnissjóði á sviði vísinda, tækniþróunar, skapandi greina og nýsköpunar. Finna þarf jafnvægi milli traustra innviða í helstu stuðningskerfum þekkingarsamfélagsins og samkeppnissjóða sem styrkja bestu verkefni á hverjum tíma.

- Afmarkaðar verði sérstakar fjárveitingar hjá samkeppnis-sjóðum sem ætlað er að stykja sérstaklega frumkvöðlaverkefni þar sem ungt fólk er í forystu.
- Á næstu árum þurfa samkeppnissjóðir jafnframt að styðja sérstaklega við ungt fólk sem nýtir skapandi greinar eða rær á mið græna hagkerfisins. Þessi tvö svið ættu að njóta forgangs í opinberum stuðningi.
- Koma þarf upp nýju fyrirkomulagi lánastuðnings til að auðvelda ungu fólki að stofna fyrirtæki og ráðast í ný verkefni. Hugmyndafræði slíks lánafyrirkomulags þarf að byggja á meira trausti og þolinmæði og minni kröfum um tryggingar og arðsemi en núverandi kerfi nýsköpunarstuðnings gerir.



# Ábyrg utanríkisstefna

Samfylkingin leggur áherslu á nána og góða samvinnu við lýðræðisríki og virka þátttöku Íslendinga innan alþjóðasamfélagsins. Jafnframt telur flokkurinn að vinna eigi af metnaði og rausnarskap að þróunar- og mannréttindamálum með sérstakri áherslu á jafnrétti kynja. Lykillinn að farsæld þjóðarinnar felst í gagnkvæmum samskiptum við aðrar þjóðir, ekki síst innan Evrópu, meðal annars á sviði menningar, mennta, viðskipta, umhverfisverndar og öryggismála.

Samfylkingin telur mikilvægt að starfrækja öfluga utanríkisþjónustu en jafnframt að nauðsynlegt sé að nota fjármuni af skynsemi og forgangsraða verkefnum. Lítil og fámenn ríki þarfnast traustra bandamanna til að ná pólitískum markmiðum í utanríkismálum og treysta efnahag sinn. Hagsmunir Íslands eru best tryggðir með samvinnu innan fjölþjóðlegra stofnana. Milliríkjaviðskipti landsins eru að langstærstum hluta við aðrar Evrópuþjóðir. Til Evrópu leita margir Íslendingar sér menntunar og menning okkar og lýðræðishefð eru samofin menningu og lýðræðisþróun í Evrópu. Af þessum og fleiri ástæðum er brýnasta verkefni þjóðarinnar á sviði alþjóðasamvinnu að ganga þegar í stað í Evrópusambandið.

Þróun og stefnumótum í málefnum norðurslóða er einnig afar áriðandi fyrir íslenska þjóð. Samfylkingin fagnar því að Alþingi hefur samþykkt stefnu þjóðarinnar í þessum mikilvæga málaflokki en vægi hans í utanríkisstefnu landsins á eftir að aukast.

Utanríkisstefna Íslands er í höndum Alþings. Ríkisstjórn framfylgir henni. Á grundvelli langrar þingræðishefðar ber forseta Íslands og ríkisstjórn að vera málsvari þeirrar utanríkisstefnu sem þingið mótar. Samfylkingin telur að Alþingi þurfi að skerpa stefnumótun sína í utanríkismálum og tryggja að framkvæmdavald og forseti fari að vilja þingsins.

## Mannréttindamál og þróunarsamvinna

- Samfylkingin leggur áherslu á að Ísland vinni að mannréttindamálum á alþjóðlegum vettvangi sem málsvari mannúðar, jafnréttis og lýðræðis. Íslendingum ber að taka þátt í því alþjóðlega verkefni að draga úr hungri, fátækt og barnadauða, hjálpa hinum fátækustu til sjálfshjálpar og stuðla að sjálfbærri þróun, ekki síst í sjávarútvegi og endurnýjanlegri orku. Menntun og heilbrigðismál eru einnig mikilvægur hluti þróunarsamvinnu. Trúverðugleiki Íslands byggir á virkri þátttöku og að framlög til þróunarsamvinnu nái viðmiðun Sp um 0,7% af þjóðarframleiðslu. Forgangsraða á vinnu gegn fátækt og mansali og að auknum mannréttindum barna, kvenna og samkynhneigðra innan Sp.
- Erlend samskipti stjórnvalda, þar á meðal milliríkjasamningar, eiga að taka mið af mikilvægi mannréttindamála. Þá skal samþætta mann-

réttindamál og þróunarsamvinnu og efla starf innlendra stofnana og frjálsra félagasamtaka. Íslendingar þurfa á sama hátt að axla ábyrgð á málefnum flóttafólks. Lögð er áhersla á að íslenska friðargæslan einbeiti sér að mannúðarverkefnum og taki ekki að sér hernaðarlegar aðgerðir.

- Vinna ber á alþjóðavettvangi að viðurkenningu Palestínu sem sjálfstæðs og fullvalda ríkis í samræmi við ályktun Alþingis frá 1989 um sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar.

## Menntun og menning

- Íslensku þjóðinni hefur jafnan vegnað best þegar hún hefur átt í gagnkvæmum menningarlegum samskiptum við önnur ríki. Slíkt vinnur gegn háskalegum fordómum. Samfylkingin telur mikilvægt að Íslendingar hafi góð tækifæri til að afla sér þekkingar og reynslu utan landssteinanna og eigi auðvelt með að koma hugmyndum sínum og sköpunarverkum á framfæri á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að Ísland gangi í Evrópusambandið til að Íslendingar hafi til framtíðar sama aðgang að menntakerfi ríkja sambandsins og íbúar í aðildaríkjum þess. Standa þarf vörð um norrænt samstarf á þessum sviðum og efla enn frekar samskipti við aðra heimshluta.

## Umhverfi og náttúra

- Umhverfis- og náttúruvernd verður ekki sinnt nema með víðtækri og náinni alþjóðasamvinnu. Eitt brýnasta viðfangsefnið er að draga úr útblæstri gróðurhúslofttegunda og stuðla að sjálfbærri búsetu á jörðinni. Loftslagsmál eru nátengd málefnum norðurslóða þar sem Ísland á að gegna lykilhlutverki. Með aðild Íslands að Evrópusambandinu eignumst við mikilvæga bandamenn og sterkari samningsstöðu í umhverfismálum á alþjóðavettvangi. Opnun siglingaleiða og betri aðgangur að auðlindum Norðurheimskautsins felur í sér áhættu en skapar um leið tækifæri. Treysta ber Norðurskautsráðið sem þann vettvang þar sem málefnum svæðisins er ráðið til lykta. Forgangsverkefni er að tryggja stöðu Íslands sem strandríkis til að Íslendingar geti komið að öllum alþjóðlegum ákvörðunum sem varða svæðið. Vinna þarf sérstaklega gegn mengun á hafsvæðinu í kringum landið. Í ljósi bindandi samnings um leit og björgun á norðurslóðum eiga Íslendingar að leggja áherslu á að byggja upp alþjóðlegt björgunarteymi sem í senn getur gagnast okkur og heiminum öllum.

## Borgaralegt öryggi

- Bregðast verður við nýjum aðstæðum í heiminum og móta heildstæða öryggisstefnu fyrir landið. Ísland þarf ekki aðeins að vera viðbúið hernaðarlegum ógnum heldur einnig og ekki síður við alþjóðlegri glæpastarfssemi, farsóttum, umhverfisvá og truflunum á fjarskiptum. Innganga í Evrópusambandið tryggir Íslandi atkvæðisrétt í málefnum Schengen samstarfsins og gerir landið þar með að fullgildum þátttakanda í þessu mikilvæga öryggissamstarfi. Íslensk stjórnvöld skulu ætíð vera málsvarar afvopnum og friðsamlegar samvinnu þjóða á milli, þar á meðal á vettvangi ESB, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, NATO og Sameinuðu þjóðanna.

## Utanríkisviðskipti

- Treysta ber samstarf við helstu viðskiptalönd Íslands. Landfræðileg staða veldur því að Evrópa mun til frambúðar vera langmikilvægasta markaðsvæði landsins. Til að auka stöðugleika í utanríkisviðskiptum vill Samfylking að, í framhaldi af aðild að Evrópusambandinu verði evra tekinn upp sem gjaldmiðill hér á landi. Full þátttaka í sameiginlegum markaði Evrópuríkja er lykilatriði til að halda framsæknum fyrirtækjum inni í landinu og fjölga störfum. Hún er einnig forsenda þess að Íslendingar geti haft milliliðalaus áhrif á viðskiptaumhverfi landsins. Samfylkingin leggur áherslu á afnám tolla og annarra viðskiptahindrana af vöru og þjónustu. Það skapar sóknarfæri fyrir íslenska frumkvöðla, skapandi greinar og aðrar atvinnugreinar, þar með talið landbúnað og sjávarútveg en sem stendur koma tollareglur EES í veg fyrir að hægt sé að hámarka útflutningsverðmæti ýmissa íslenskra afurða. Viðskiptasamningar íslenskra stjórnvalda skulu ætíð taka mið af mannréttinda- og umhverfismálum.